

Ytra mat grunnskóla

Stórutjarnaskóli

Vorönn 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Þingeyjarsveit

Höfundar Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2019

ISBN 978-9979-0-2343-2

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Stórutjarnaskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.2 Árangur náms	13
2.3 Gæði kennslu	15
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka	17
Þáttur 3 – Innra mat	19
3.1 Skipulag.....	19
3.2 Framkvæmd.....	19
3.3 Umbætur	19

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit, sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir sem voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur og starfsfólk vinna markvisst að því að skólinn sé mikilvægur hluti samfélagsins. o
- Heimsóknir og viðvera eldri borgara í skólanum.
- Skólinn býður uppá fjölbreytta sérfræðiþjónustu.
- Skólinn er fámennur og návígi mikið, en starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Áhersla er á grenndarvitund og að nemendur læri að meta sína heimabyggð.
- Vinna nemenda með umhverfi sitt er til fyrirmyndar.
- Fulltrúar foreldra eru í umhverfis- og lýðheilsunefnd skólans og skólaráði.
- Nemendur eru virkir við undirbúning félagslífs og skipuleggja félagsmálakvöld sem eru einu sinni í viku.
- Mánaðarlegar menningarstundir skólans eru mikilvægar bæði sem tenging við samfélagið og fyrir nemendur sem þjálfun í að koma fram.
- Í áætlunum um nám og kennslu kemur vel fram sú stefna skólans að sinna umhverfis- og lýðheilsumálum.
- Starf skólans að umhverfis- og lýðheilsumálum er til fyrirmyndar og er það vel kynnt á heimasíðu skólans.
- Árlegt umhverfisþing er undirbúið af fulltrúum nemendahópanna.
- Mikil áhersla er á að allir starfsmenn séu reglulega saman, bæði á formlegum og óformlegum fundum, en reglulegir starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði.
- Allir starfsmenn eru saman á skipulagsfundi á haustin við undirbúning skólaársins.
- Vel er stutt við heilsueflingu starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Símenntunaráætlun þarf að vera markvissari og ætti m.a. að styðja við þau þróunarverkefni sem eru í gangi, og áherslur í stefnu skólans.
- Auka upplýsingagjöf til foreldra um starfið í skólanum, ekki hvað síst um óhefðbundið starf.
- Mikilvægt er að virkja skólaráð betur til þeirra verka sem það á að sinna.
- Skólaráð geri sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir sínar á heimasíðu skólans.
- Til bóta væri að vinna verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara og/eða á kennsluhætti s.s. með heimsóknnum skólastjóra eða jafningjamati.
- Hafa skráningu allra þeirra verkefna sem eru í gangi reglulega og opinbera.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem undirstrikar að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Nemendur skólans hafa náð góðum árangri á samræmdum könnunarprófum.
- Kennarar gera nemendum almennt grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Umgjörð og skipulag í kringum útiskóla er til fyrirmyndar.
- Samvinna og samstarf nemenda er þjálfað.
- Reglulega er boðið uppá nemendasamtöl.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi og mikið samstarf er við samfélagið.
- Boðið er upp á kórastarf fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk í stundatöflu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs og um líðan þeirra og félagslegar aðstæður.

Tækifæri til umbóta

- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í námsvísum.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá eða námsvísum.
- Tengja námsmat betur við hæfniviðmiðin.
- Halda betur utanum bráðgera nemendur.
- Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi og þeir taki þátt í að meta eigin framfarir.

Innra mat

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starf sitt.
- Þekking og reynsla af innra mati er fyrir hendi í skólanum.
- Mat á árangri nemenda fer reglulega fram.
- Hópvinna að vori er fastur liður þar sem kennarar og annað starfsfólk fer yfir skólaárið og metur hvernig til hefur tekist.
- Umhverfis- og lýðheilsunefndin hefur á undanförunum árum staðið fyrir áhugaverðum könnunum á sínu sviði.
- Nemendaviðtöl hafa verið tekin upp.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að hagsmunaaðilar skólastarfsins hafi áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats t.d. með fulltrúa í matsteymi eða með aðkomu skólaráðs.
- Val á matsþáttum innra mats og fyrirkomulag byggi á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum skólans.
- Reglulega ætti að fjalla um og meta markmið í stefnu skólans.
- Greinargerðir um innra mat verði aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Kynna ætti niðurstöður kannana og innra mat fyrir hagsmunaaðilum með formlegum hætti.

- Vinna árlega umbótaáætlun þar sem fram komi þau atriði sem umbóta þarfnast, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóli í Ljósavatnsskarði í Þingeyjarsveit, var stofnaður árið 1971. Skólinn hefur lengi verið samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli í dreifbýli og var fyrsti skólinn á Íslandi sem tók þá upp þá tilhögun. Skólasvæðið nær yfir Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Bárðardal og Kinn. Einnig stunda nokkrir nemendur úr Reykjadal nám við skólann.

Auk þeirrar sérstöðu sem það að vera samrekinn skóli leiðir af sér, er sérstaða skólans öflug grenndarvitund, útikennsla og umhverfisstefna, en nemendur, starfsfólk og foreldrar Stórutjarnaskóla hafa komið sér saman um áhersluatriði í umhverfis- og lýðheilsuáttmála skólans. Nemendum er kennt í fjórum aldursblönduðum hópum.

Í skólanum eru 39 nemendur á vorönn og 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	7	2	3	1	6	3	5	5	3	4
Samkennsluhópar	1		1			1			1	

Starfsmenn Stórutjarnaskóla eru sem hér segir: Skólastjóri, tveir verkefnastjórar, sex kennarar, þar af þrír í 50% starfi, einn leiðbeinandi í 50% stöðu og með tölvuumsjón í 50% í stöðu, þroskaþjálfari, sérkennari í 50% stöðu, tveir skólaliðar, tveir eldhússtarfsmenn og húsvörður. Auk þeirra eru eftirtaldir starfsmenn verktakar: 5 skólabílstjórar, skólasálfræðingur, iðjuþjálfari og sérkennsluráðgjafi. Síðan heyrja einnig undir skólann þrír kennarar leikskóladeildar og tveir kennarar tónlistardeildar.

Við skólann er starfandi frístund fyrir yngstu bekki skólans sem skólastjóri ber ábyrgð á. Starfsmenn þar eru starfsmenn skólans, í vetur einkum kennarar og þroskaþjálfari af grunnskólastigi.

Fjórir nemendur eru af erlendum uppruna. Tveir nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, tveir nemendur eru með einstaklingsnámskrá og tveir eru með aðlagað námsefni. Í vetur stundar einn nemandi nám á öðru skólastigi.

Vegna ófærðar hefur eftirtalinn fjöldi kennslustunda fallið niður á skólaárinu, eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	18	18	18	18	18	18	18	18	18	18

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum skólans og er mótuð af starfsfólki og nemendum. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu skólans auk þess sem hún er hluti af „Skráaskrá“ sem borin er í hvert hús í skólahverfinu á haustin. Þar er lögð áhersla á að skapa jákvætt viðhorf nemenda til skóla, mikilvægis menntunar og ábyrgðar í skólastarfi. Einnig að nemendur læri að meta sína heimabyggð og finni sig mikilvæga í samfélaginu. Þá kemur fram að stefna skólans sé að nota fjölbreytilegar kennsluaðferðir sem miði að því að uppfylla þarfir allra nemenda, sem þó séu ólíkir. Skólastefna sveitarfélagsins er einnig sýnilega í störfum skólans, en komið er að endurskoðun hennar. Skólareglur vou endurskoðaðar fyrir um tveimur árum með þátttöku nemenda og var viðhaft e.k. þjóðfundarfyrirkomulag.

Stjórnendur og starfsfólk vinna markvisst að því að skólinn sé mikilvægur hluti samfélagsins og er það stefna skólans.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í Stórutjarnaskóla og fram kom í rýnihópum að andinn væri jákvæður, mikið flæði og opin umræða. Skólinn er fámennur og návígi mikið, en starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og allir tilbúnir að styðja við samfélagslega virkni skólans og að skólastarfið gangi upp samkvæmt áætlunum. Séð er til þess að niðurstöður varðandi stöðu og framfarir nemenda séu ræddar, skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum.

Kennarastofan, kennarafundir og starfsmannafundir eru vettvangur umræðna og gagnrýnnar umfjöllunar um starfshætti og einnig „uppgjörsfundir“ í lok skólaárs þar sem farið er yfir hvernig til tókst. Reynt er að skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna, innan og utan skóla og starfsfólk hvatt til að nýta sér þá möguleika sem í boði eru. Símenntunaráætlun skólans er almennt orðuð í skólanámskrá en þyrfti að vera markvissari og ætti að styðja betur við stefnu skólans og þau þróunarverkefni sem eru í gangi.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Formlegt samstarf við foreldra er í gegnum foreldrafélag, haustfund og foreldrafundi. Foreldrafélagið fundar í skólanum en fundargerðir þess eru ekki á heimsíðu skólans. Þá eru fulltrúar foreldra í umhverfis- og lýðheilsunefnd skólans og skólaráði. Mikilvægt er að virkja skólaráð betur til þeirra verka sem það á að sinna.

Mikið óformlegt samstarf er við foreldra og þeir taka þátt í starfinu í tengslum við félagslíf nemenda og menningarstarf. Einu sinni í viku er félagsmálakvöld fyrir nemendur í 7. bekk og eldri, en félagsmálaráð skipað nemendum undirbýr kvöldið. Starfsmenn skólans skiptast á að vera með þeim á félagsmálakvöldi og foreldrar, sem aka börnum sínum á félagsmálakvöld, nýta sér bókasafnið eða fara í sund. Einnig hefur verið fitjað uppá þrjónakaffi í bókasafninu sem höfðar til annars hóps en sækir það

að jafnaði. Skólinn hefur á undanförunum árum staðið að fyrirlestrum um uppeldis- og kennslumál fyrir foreldra einu sinni til tvisvar á skólaári.

Menningarstundir eru haldnar mánaðarlega þar sem tónlistarflutningur er í hávegum hafður en tónlistarkennsla er samofin skólastarfinu á ýmsan hátt. Einnig fær hið talaða orð að njóta sín og eru þessar stundir mikilvæg þjálfun nemenda í að koma fram fyrir fólkið í samfélaginu sem sækir menningarstundirnar vel. Eldri borgarar eiga einnig sitt athvarf í skólanum. Þeim er reglulega boðið í mat, fá aðstoð við handavinnu, leikfimitíma hjá íþróttakennara, geta nýtt sér bókasafn o.fl. auk þess að eiga samfélag við börnin. Aðrir viðburðir í skólanum eru vel sóttir, svo sem þorablót og árshátíð.

Samskipti við foreldra og upplýsingagjöf er einkum með tölvupósti og með fréttum og efni á heimasíðu skólans. Í skólabyrjun er gefin út svokölluð Skráaskrá sem fer inn á öll heimili nemenda og inniheldur nemendaskrá, símaskrá starfsfólks, yfirlit yfir það hverjir sitja í nefndum og ráðum sem snúa að skólastarfinu, skóladagatal og stundastöflur, stefnu Stórutjarnaskóla og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar. Þar er einnig minnt á skólanámskrá sem er á heimsíðunni. Fram kom hjá foreldrum að þeir vildu gjarnan meiri upplýsingar um hvað skólinn er að gera, ekki síst ef um óhefðbundið starf er að ræða.

Áhersla er á grenndarvitund og er það stefna skólans að nemendur læri að meta sína heimabyggð. Vinna nemenda með umhverfi sitt er til fyrirmyndar.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Í Stórutjarnaskóla hefur verið tekin ákvörðun um að stuðla markvisst að verndun náttúrunnar og uppfræðslu nemenda þar að lútandi. Í áætlunum um nám og kennslu kemur vel fram sú stefna skólans að sinna umhverfis- og lýðheilsumálum.

Skólinn er Grænánaskóli og starfar undir merkjum heilsueflandi skóla. Sérstakur sáttmáli hefur verið gerður í skólasamfélaginu um umhverfis- og lýðheilsuálin. Á heimasíðu eru markmið verkefnisins og ýmis verkefni kynnt s.s. fæðukönnun sem gerð var 2012 og náði bæði til nemenda og foreldra, og niðurstöður könnunar sem gerð var 2014 á hreyfingu, lestri og skjánotkun á meðal nemenda, foreldra og starfsfólks skólans. Þá má finna þar fundargerðir umhverfisnefndar allt frá skólaárinu 2009-2010. Í félaginu Tæmarar eru fulltrúar bekkjarhópa og er tilgangur þeirra m.a. að halda á lofti þeim (umhverfis)málum sem eru í brennidepli hverju sinni og að sjá um að tæma fötur sem innihalda pappírsganga. Tæmarar funda reglulega um sín viðfangsefni og eru fundargerðir þeirra á heimasíðunni.

Árlega er haldið umhverfisþing þar sem bæði koma að fyrirlesarar og einnig eru nemendur sjálfir með fyrirlestra. Þingið er undirbúið af fulltrúum nemendahópanna. Einn af kennurum skólans gegnir starfi „umhverfisráðherra“ og heldur utanum starf Tæmara og starf umhverfis- og lýðheilsunefndar. Starf skólans að umhverfis- og lýðheilsumálum, skráning vinnunnar og kynningar á henni eru til fyrirmyndar.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda sem og vikulegan kennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár. Gæta þarf þess að val á unglingsstigi fái nægan stundafjölda. Helstu upplýsingar um skólastarfið, þ.m.t. ýmsar stefnur svo sem um forvarnir, umgengni, aðlögun og útskrift, um námsmat, viðbrögð við einelti og áföllum, ásamt skólareglum, jafnréttisstefnu og lestrarstefnu, eru aðgengilegar á heimasíðu skólans sem hluti af skólanámskrá. Einnig er fjallað um hefðir í skólastarfinu, en fram kom í rýnihópum að hefðir eru sterkar í starfi Stórutjarnaskóla og nokkur íhaldssemi. Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.

Skólustjóri vinnur að því með sveitarfélaginu að skapa heilbriggt og traust umhverfi í skólanum og nemendur fá einhverja tilsögn um netöryggi sem þó mætti vera markvissari. Gætt er að góðri skjalastjórnun og varðveislu persónuupplýsinga. Til bóta væri að vinna verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Í Stórutjarnaskóla er skólustjóri eini formlegi stjórnandi grunnskólans, en deildarstjórar eru yfir leikskóladeild og tónlistardeild skólans. Leitast er við að skipa kennslu og verkefnum niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar og að nýta vel þann mannauð sem er í starfsmannahópnum. Ekki er þó reglulega lagt mat á kennslu og fagmennsku kennara eða á kennsluhætti.

Kennarafundir eru vikulega og á þá mæta allir kennarar skólans; leikskóla-, grunnskóla- og tónlistarkennarar. Einu sinni í mánuði er fundur með öllum starfsmönnum og er lögð mikil áhersla á „að þá séu allir starfsmenn í húsi“. Einnig eru vikulega hópfundir sem grunnskólakennarar nýta til umfjöllunar um námshópana. Daglega eru allir starfsmenn hvattir til að fara sama í matsal í löngu frímínútum nemenda í „fælles“ kaffi. Allir starfsmenn eru saman á skipulagsfundum á haustin. Starfsmannasamtöl eru árlega.

1.7 Leiðtogahæfni stórnenda og starfsmanna

Stórutjarnaskóli tekur þátt í SAM-skólasamstarfi sem er samstarf nokkurra fámennra skóla á Norðurlandi. Það samstarf efnir til haustþings þar sem boðið er uppá ýmiskonar fræðslu sem skólustjóri og aðrir starfsmenn skólans nýta sér. Auk þess segist skólustjóri nýta sér aðra fræðslufundi til að efla fagmennsku sína og til að fylgjast með. Skólustjóri styður við þá starfsmenn sem vilja sækja sér frekari menntun og leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna skólans og fela breiðum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Gott dæmi um það er umhverfis- og lýðheilsuvinnan sem er vel kynnt á heimasíðu skólans. Fram kom að betur mætti huga að skráningu annarra verkefna. Bæði kennarar og aðrir starfsmenn telja að þeir fái hrós fyrir störf sín og að þeim sé treyst fyrir því sem þeir taka að sér.

Starfsmenn eiga góðan aðgang að faglegri handleiðslu og vel er hugsað um heilsueflingu starfsmanna. Þeir fá einn tíma í viku með leikfímikennara skólans, eiga aðgang að sundlaug skólans án endurgjalds, fara saman á skíði og einnig í gönguferðir að hausti.

Styrkleikar

- Stjórnendur og starfsfólk vinna markvisst að því að skólinn sé mikilvægur hluti samfélagsins og er það stefna skólans.
- Heimsóknir og viðvera eldri borgara í skólanum.
- Skólinn býður uppá fjölbreytta sérfræðiþjónustu.
- Skólinn er fámennur og návígi mikið, en starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Áhersla er á grenndarvitund og að nemendur læri að meta sína heimabyggð.
- Vinna nemenda með umhverfi sitt er til fyrirmyndar.
- Fulltrúar foreldra eru í umhverfis- og lýðheilsunefnd skólans og skólaráði.
- Nemendur eru virkir við undirbúning félagslífs og skipuleggja félagsmálakvöld sem eru einu sinni í viku.
- Mánaðarlegar menningarstundir skólans eru mikilvægar bæði sem tenging við samfélagið og fyrir nemendur sem þjálfun í að koma fram.
- Í áætlunum um nám og kennslu kemur vel fram sú stefna skólans að sinna umhverfis- og lýðheilsuárum.

- Starf skólans að umhverfis- og lýðheilsumálum er til fyrirmyndar og er það vel kynnt á heimasíðu skólans.
- Árlegt umhverfisþing er undirbúið af fulltrúum nemendahópanna.
- Mikil áhersla er á að allir starfsmenn séu reglulega saman, bæði á formlegum og óformlegum fundum, en reglulegir starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði.
- Allir starfsmenn eru saman á skipulagsfundi á haustin við undirbúning skólaársins.
- Vel er stutt við heilsueflingu starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Símenntunaráætlun þarf að vera markvissari og ætti m.a. að styðja við þau þróunarverkefni sem eru í gangi, og áherslur í stefnu skólans.
- Auka upplýsingagjöf til foreldra um starfið í skólanum, ekki hvað síst um óhefðbundið starf.
- Mikilvægt er að virkja skólaráð betur til þeirra verka sem það á að sinna.
- Skólaráð geri sér starfsáætlun og vinnureglur og birti fundargerðir sínar á heimasíðu skólans.
- Til bóta væri að vinna verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara og/eða á kennsluhætti s.s. með heimsóknnum skólastjóra eða jafningjamati.
- Hafa skráningu allra þeirra verkefna sem eru í gangi reglulega og opinbera.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Þingeyjarsveitar er fyrir árin 2012 til 2017 og endurspeglar stefna Stórutjarnaskóla sérstakar áherslur sveitarfélagsins svo sem með samvinnu skólastiga, áherslur á tónlistaruppeldi í grunnskóla og nánnum tengslum við nærsamfélagið. Í námsvísun kemur fram að unnið sé að því að efla lykilhæfni allra nemenda og eru þeir nokkuð greinargóðir og byggja á aðalnámskrá. Í námsvísun í sumum námsgreinum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttáð í námsgrein eða viðfangsefni. Gott væri að bæta því við í öllum námsgreinum. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins og er stuðningur við einstaka nemendur skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Námsvísar eru kynntir fyrir nemendum og foreldrum á haustfundi og eru aðgengilegir á heimasíðu skólans.

2.2. Árangur náms


Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og unnið er með niðurstöður annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda. Það er m.a. gert í samvinnu við umsjónarmann sérkennslu. Gerð er grein fyrir námsmati í námsvísun skólans en ekki er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Hér á eftir fer samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár.

4. bekkur



Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið um og yfir landsmeðaltali þegar skoðað er uppsafnað meðaltal. Árangur í stærðfræði var rétt undir meðaltali þegar litið er á uppsafnað meðaltal fyrir árin 2012-2014. Þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir árin 2015-2017 hefur árangurinn dalað og mældist nokkuð undir meðaltali. Árið 2018 er ekki tekið með því aðeins einn nemandi tók prófin það ár.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku batnaði þegar skoðað er uppsafnað meðaltal og mældist árin 2016-2018 nokkuð yfir landsmeðaltali. Árangur í stærðfræði var yfir meðaltali 2013-2015 þegar skoðað er uppsafnað meðaltal en dalaði 2016-2018 og mældist undir meðaltali.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var yfir landsmeðaltali í íslensku og stærðfræði en undir í ensku.

10. bekkur



* Engin samræmd könnunarpróf árið 2016.


Árangur í 10. bekk hefur verið yfir landsmeðaltali í íslensku. Þegar litið er á uppsafnað meðaltal þá dalaði árangurinn 2011-2013 en var þó yfir meðaltali en batnaði aftur 2014-2017 og mældist talsvert yfir meðaltali. Árangur í stærðfræði hefur einnig verið yfir meðaltali og batnaði 2014-2017. Árangur í ensku hefur legið við meðaltal þegar uppsafnað meðaltal er skoðað en batnaði 2014-2017 og fór yfir meðaltal.

Skólinn nýtir Lesferil til að fylgjast með lesfimi (leshraða og nákvæmni) nemenda. Hjá níu af tíu árgöngum skólans er þátttaka í síðustu fyrirleögnum 100% sem er meira en almennt gerist á landsvísi. Flestir árgangar eru með lesfimi um eða vel yfir landsmeðaltal, en vegna fámennis geta sveiflur verið nokkrar milli árganga.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi tvo daga í 18 kennslustundum hjá öllum námshópum og flestum kennurum. Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum. Samkennsla er í öllum árgöngum, nemendur fara úr kennslustundum til að stunda nám í tónlist og hljóðfærleik og mikið samstarf er við leikskólann. Kennarar sýna almennt fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn, viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur.

Mikið var um fræðandi kennslu þar sem kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum og unnið í vinnubókum eða í 50% kennslustunda. Í 33% kennslustunda voru blandaðir kennsluhættir þar sem kennari kynnti viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu á mismunandi vegu svo sem með lausnaleit eða samvinnunámi. Í 17% kennslustunda var kennari í hlutverki leiðbeinanda og nemandinn í forgrunni þar sem kennslustundir voru skipulagðar þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hafa bein áhrif á framgang eigin náms.



Námsmat er fjölbreytt þar sem meðal annars er lögð áhersla á ástundun, próf, samvinnu og verkefnaöppur. Námsmat tengist markmiðum náms en tengja mætti námsmat betur við hæfniviðmiðin. Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi en þó mætti betur halda utan um þann hóp að mati kennara. Einn nemandi stundar nám í einni námsgrein í framhaldsskóla í vetur. Nemendaviðtöl eru reglulega og nemendum finnst þeir hafa meiri áhrif á nám sitt eftir því sem þeir eldast.

2.4 Skipulag náms

Nemendur vinna að hluta til að samþættum verkefnum. Ekki eru sérstakir tölvutímar í stundatöflu nemenda í 4.-10. bekk en tölvunám samþætt öðrum námsgreinum. Vorpemavika er í skólanum þar sem lögð er áhersla á að nemendur hafi tækifæri til að vinna heima og aðstoða við búskap. Þeir skila þá dagbók vegna vinnu og verkefna heima. Sérstök vordagskrá er á sama tíma á vegum skólans fyrir yngri nemendur og nemendur sem aðstoða ekki við búskap heima.


Skólinn er með útiskóla þar sem lögð er áhersla á umhverfisvitund og náttúruvernd. Í útiskóla er nemendum boðið upp á fjölbreyttar námsleiðir sem gefa þeim tilbreytingu og opna fyrir nýja möguleika í samþættum námsgreinum. Útiskólinn heldur úti dagbók sem er aðgengileg á netinu. Umgjörðin og skipulagið í kringum útiskólann er til fyrirmyndar og öðrum til eftirbreytni.

Samvinna og samstarf nemenda er þjálfað og notað í námi og kennslu og nýta nemendur námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms. Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara og reglulega er boðið uppá nemendasamtöl. Grenndarsamfélag er markvisst nýtt í skólastarfi og er mikið samstarf við samfélagið í sveitinni. Eldri borgarar eru sýnilegir í skólanum og nýta m.a. aðstoðu til íþróttaiðkunar. Starfrækt er félagsmálaráð nemenda í skólanum sem skipuleggur félagsmálakvöld einu sinni í viku fyrir nemendur í 7. bekk og

eldri, en foreldrar koma gjarnan með og nýta þá aðstöðu í skólanum sem í boði er s.s. sundlaug og bókasafn.

Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau, en í vettvangsathugun nýttu þeir upplýsingatækni í litlum mæli eða í fjórum kennslustundum af 18. Kórastarf er í stundatöflu fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk. Í 8.- 10. bekk er boðið uppá fjórar valgreinar, ljósmyndun, spila- og leikjaval, tónfræði og valtíma þar sem boðið er uppá nokkur námskeið yfir veturinn þar sem nemendur velja sér verkefni. Valgreinar í 8. - 10. bekk eiga samkvæmt viðmiðunarstundatöflu grunnskóla að vera 290 mínútur í viku á bekk en eru 140 mínútur. Þess þarf að gæta að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

Í vettvangsathugun kom fram að nemendur vinna í tæplega 40 % kennslustunda í einstaklingsvinnu en í 33% kennslustunda eru þeir í einstaklingsvinnu og að hluta til í samvinnu. Í 28% kennslustunda voru nemendur í markvissri samvinnu við aðra nemendur.



2.5 Námsvitund

Nemendur Stórutjarnaskóla sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Þeim voru almennt ljós þau markmið sem kennarar settu þeim fyrir kennslustundir en bæta þyrfti viðmið um árangur í námsvísu og kynna fyrir nemendum til að efla námsvitund þeirra. Þjálfar ætti nemendur meira í að setja sér sjálfir markmið í námi eins og stundum hefur verið gert í lestrarnámi eða lesfimiþjálfun í Stórutjarnaskóla þar sem markmiðsetning hefur verið nýtt sem hvatning til meiri lestrar. Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð eftir aldri á að velja viðfangsefni og námaðferðir og er það sýnilegt á unglíngastigi, bæði í vettvangsathugun og kom fram í rýnihópaviðtali við nemendur. Nemendur hafa komið að sjálfsmati í verkefnum en vinna mætti markvissar að því nemendur taki þátt í að meta eigin framfarir í öllum námshópum.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins og nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólstarfs. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólstarfs og um líðan þeirra og félagslegar aðstæður. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir eiga lýðræðislega kosinn fulltrúa í skólaráði, eru með nemendaráð og félagsmálaráð. Þá eru regluleg nemendaviðtöl í skólanum.

Styrkleikar

- Nemendum er kennt í aldursblönduðum hópum sem undirstrikar að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Nemendur skólans hafa náð góðum árangri á samræmdum könnunarprófum.
- Kennarar gera nemendum almennt grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Umgjörð og skipulag í kringum útiskóla er til fyrirmyndar.
- Samvinna og samstarf nemenda er þjálfað.
- Reglulega er boðið uppá nemendasamtöl.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi og mikið samstarf er við samfélagið.
- Boðið er upp á kórastarf fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk í stundatöflu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs og um líðan þeirra og félagslegar aðstæður.

Tækifæri til umbóta

- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í námsvísunum.
- Tengja námsmat betur við hæfniviðmiðin.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá eða námsvísunum.
- Halda betur utanum bráðgera nemendur.
- Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi og þeir taki þátt í að meta eigin framfari

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í skólanámskrá á heimasíðu skólans er almenn umfjöllun um mat á skólastarfi. Þar segir m.a.: „Eigið mat starfsmanna og formlegt mat liggur til grundvallar umbótastarfi í skólanum. Sérstakir hópafundir, þar sem fjallað er um einstaka þætti skólastarfsins, auk formlegs mats starfsmanna að vori, eru fastir þættir í sjálfsmati skólans. Þá eru kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk, einnig veigamikill þáttur í matinu“. Á síðunni má einnig finna áætlun um sjálfsmat þar sem fram kemur að árlega séu gerðar kannanir þar sem spurt er um ýmsa þætti skólastarfsins.

Í áætlun um sjálfsmat er fjallað um sjálfsmat nemenda þar sem nemendur fylla út sjálfsmatsblað og eru niðurstöður ræddar á fundum með foreldrum. Fram hefur komið að skólinn hefur einnig tekið upp regluleg nemendaviðtöl. Þá er fjallað um sjálfsmat starfsmanna og mat á skólastarfi að vori.

Samkvæmt téðri áætlun er þriðja hvert ár rýnt í einkunnir og lesið í þróun, bæði skólaeinkunnir og einkunnir á samræmdum prófum. Áætlun um sjálfsmat fylgir umfjöllun um viðmið um árangur og umbótaáætlun.

Val á matsþáttum og fyrirkomulag virðist hafa verið hið sama a.m.k. frá árinu 2010 miðað við þær sjálfsmatsskýrslur sem fyrir liggja, en sjálfsmatsskýrslur Stórutjarnaskóla hafa verið teknar saman á þriggja ára fresti. Mikilvægt er að val á matsþáttum og fyrirkomulag byggist á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum skólans. Greinargerðir um innra mat eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Kennari er verkefnisstjóri matsins og hefur sér við hlið teymi kennara. Aðrir koma ekki að skipulagi þess. Gerðar eru kannanir um ýmsa þætti skólastarfsins meðal starfsfólks, foreldra og nemenda og eru þær hlaupandi á þriggja ára fresti. Í rýnihópum könnuðust þessir hópar við að „taka þátt í einhverjum könnunum“. Þau telja sig þó ekki fá að vita nægjanlega hvað kemur út úr slíkum könnunum. Auk kannana er hópvinna að vori fastur liður þar sem kennarar og annað starfsfólk fer yfir skólaárið og metur hvernig til hefur tekist. Þessir liðir eru nokkuð fastir í formi og hafa ekki verið endurmetnir, en þó hafa t.d. nemendaviðtölin bæst við.

Mikilvægt er að val á matsþáttum byggist á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum skólans. Umhverfis- og lýðheilsunefndin hefur á undanförunum árum staðið fyrir könnunum á sínu sviði, bæði fæðukönnun meðal nemenda og foreldra og könnun á hreyfingu, lestri og skjánotkun nemenda. Niðurstöður þeirra hafa verið kynntar á umhverfisþingi auk þess að vera á heimasíðu skólans.

3.3 Umbætur

Áætlun um sjálfsmat fylgir m.a. umfjöllun um viðmið um árangur og um umbótaáætlun. Í sjálfsmatsskýrslum skólans kemur fram að árangur telst fullnægjandi ef 75% þeirra sem eru spurðir eru ánægðir eða mjög ánægðir og að tilgangur kannananna sé að fá fram skoðanir tiltekinn hópa á skólastarfinu. Ekki er unnin sérstök umbótaáætlun og umbótatillögur sem settar eru fram eru almennt orðaðar og ekki kemur nógu skýrt fram hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra eða hvenær þeim á að vera lokið. Ekki er því ljóst hvort og þá hvenær markmiðum hefur verið náð. Áætlanir um umbætur eru ekki bornar undir skólaráð.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starf sitt.
- Þekking og reynsla af innra mati er fyrir hendi í skólanum.
- Mat á árangri nemenda fer reglulega fram.
- Hópvinna að vori er fastur liður þar sem kennarar og annað starfsfólk fer yfir skólaárið og metur hvernig til hefur tekist.
- Umhverfis- og lýðheilsunefndin hefur á undanförunum árum staðið fyrir áhugaverðum könnunum á sínu sviði.
- Nemendaviðtöl hafa verið tekin upp.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf að hagsmunaaðilar skólastarfsins hafi áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats t.d. með fulltrúa í matsteymi eða með aðkomu skólaráðs.
- Val á matsþáttum innra mats og fyrirkomulag byggi á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum skólans.
- Reglulega ætti að fjalla um og meta markmið í stefnu skólans.
- Greinargerðir um innra mat verði aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Kynna ætti niðurstöður kannana og innra mat fyrir hagsmunaaðilum með formlegum hætti.
- Vinna árlega umbótaáætlun þar sem fram komi þau atriði sem umbóta þarf, hvenær á að vinna að þeim umbótum, hver ber ábyrgð á vinnunni og að hvaða árangri er stefnt. Þá þarf að tilgreina hvenær á að meta árangur umbóta og hver á að gera það.